



## Til aðildarfélaga innan Alþýðusambands Íslands

Reykjavík, 3. október 2007

### Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2007 – gögn og upplýsingar

#### **Dagskrá ársfundar ASÍ 2007**

Hjálagt fylgir dagskrá ársfundar ASÍ 2007 sem samþykkt var á fundi miðstjórnar 19. september sl.

#### **Málefni fyrir ársfundinn**

Hjálagt fylgja tillögur sem unnar voru á vettvangi málefnanefnda ASÍ (velferðarnefndar, menntanefndar og vinnumarkaðsnefndar) til undirbúnings ársfundinum um **Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið**. Tillögurnar voru samþykktar til útsendingar á fundi miðstjórnar 19. september.

Eins og fram kemur í dagskrá ársfundarins verður á fundinum fjallað um efnahags- og kjaramál. Efni vegna þeirrar umfjöllunar verður dreift á fundinum sjálfum.

Ekki bárust önnur mál fyrir fundinn, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga ASÍ, en þar segir:

*Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á fundinum, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir ársfund. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn, ásamt umsögn sinni.*

#### **Hádegisverður**

Eins og undanfarin ár hefur verið gert samkomulag við veitingastaðinn Vox á Nordica hótelinu um tilboð á hádegisverði ársfundardagana, 18. og 19. október nk. Boðið verður upp á glæsilegt hlaðborð báða dagana, með úrvali rétta og gosdrykkjum. Hlaðborðið verður í anddyri aðal fundarsalarins. Verðið á hlaðborðinu er kr. 2.200 á mann hvorn daginn.

Þau aðildarfélög sem vilja nýta þennan kost fyrir ársfundarfulltrúa sína eru beðin um að hafa samband við skrifstofu ASÍ, Ástu ([asta@asi.is](mailto:asta@asi.is)), í síðasta lagi á hádegi 15. október. Alþýðusambandið mun síðan ganga frá málinu gagnvart veitingamönnunum og rukka viðkomandi aðildarfélög.

Hér er um að ræða sama fyrirkomulag og verið hefur undanfarin ár.



**Kvöldskemmtun 18. október**

Efnt verður til kvöldskemmtunar á Broadway þann 18. október. Boðið verður upp á þríréttaða máltíð, skemmtiatriði og danstónlist. Verð er kr. 4.700 á manninn.

Mikilvægt er að þau aðildarfélög sem bjóða fulltrúum sínum á skemmtunina tilkynni þátttöku og fjölda á [fannar@broadway.is](mailto:fannar@broadway.is) eða í síma 533-1100 í síðasta lagi f.h. 16. október.

**Frekari upplýsingar - kynning**

Aðildarfélögunum og væntanlegum ársfundarfulltrúum er bent á að fylgjast með upplýsingu um ársfundinn vef ASI [www.asi.is](http://www.asi.is).

**Fylgigögn með þessu bréfi**

Bréfi þessu fylgja eftirtalin gögn:

- Dagskrá ársfundar ASI 2007
- Norræna velferðarsamfélagið og vinnumarkaðsmódelið

Með félagskveðjum,

Halldór Grönvold,  
aðstoðarframkvæmdastjóri ASI